

# Stefna um samfélagslega ábyrgð Kviku banka hf.

Samþykkt í janúar 2018 / Áætluð endurskoðun í janúar 2019 / Ábyrgðaraðili: Regluvarsla

## 1. Samfélagsleg ábyrgð

- 1.1. Kvika banki hf. (*hér eftir nefndur „Kvika“ eða „bankinn“*) hugar ávallt að heildarhag viðskiptavina bankans, starfsmanna hans, eigenda og samfélagsins í heild.
- 1.2. Eignarhald bankans skal vera gagnsætt.

## 2. Umhverfi

- 2.1. Kvika skal leggja áherslu á að lágmarka þau neikvæðu áhrif sem starfsemi bankans kann að hafa á umhverfið.
- 2.2. Starfsmenn eru hvattir til að nýta sér vistvænan samgöngumáta, svo sem göngu, hjólreiðar eða almenningssamgöngur og stendur starfsmönnum til boða að gera samgöngusamning sem kveður á um árlegan samgöngustyrk.
- 2.3. Starfsmenn Kviku skulu nýta fjarfundabúnað í stað ferðalaga eins mikið og kostur er.
- 2.4. Kvika sparar orku með því að lágmarka kerfisbundið lýsingu í starfsstöðvum bankans utan vinnutíma.
- 2.5. Kvika nýtir rafrænar dreifileiðir s.s. netbanka, tölvupóst og heimasíðu bankans til að veita viðskiptavinum upplýsingar. Öll skjöl og viðskiptastaða eru aðgengileg í netbanka.
- 2.6. Kvika takmarkar óþarfa prentun og eykur öryggi í meðferð gagna með því að aðgangstengja prentarakerfi bankans starfsmannakortum. Einnig er notkun á pappír takmörkuð með því að senda ekki yfirlit umfram það sem nauðsyn krefur.
- 2.7. Almenna regla Kviku er að öllum skjölum skuli eytt og pappírinn síðan sendur til endurvinnslu. Kvika skiptir við fyrirtæki sem er með öryggis- og umhverfisvottun NAID í eyðingu gagna.

## 3. Mannréttindi, spilling og mútur

- 3.1. Kvika skal í öllum störfum sínum huga að því að mannréttindi séu virt í hvívetna.
- 3.2. Bankinn hefur sett sér reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Reglurnar uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja á innlendum og alþjóðlegum vettvangi á því sviði. Markmið reglnanna er að hindra að rekstur og starfsemi Kviku verði notuð til peningaþvættis eða til að fjármagna hryðjuverkastarfsemi.
- 3.3. Starfsmönnum Kviku er óheimilt að taka við eða veita gjafir, hvatagreiðslur og annarskonar umbun sem væri til þess fallin að skaða trúverðugleika bankans og gæti leitt til hagsmunaárekstra.

#### **4. Starfsmannamál og jafnrétti**

- 4.1. Kvika styður við heilbrigði og góða líðan starfsmanna. Öllum starfsmönnum bankans stendur til boða að fara í heilsufarsmælingu árlega og eins eiga starfsmenn rétt á líkamsræktarstyrk sem hægt er að nýta til fjölbreyttrar hreyfingar.
- 4.2. Starfsmönnum Kviku er skylt að kynna sér og fara eftir siðareglum bankans í samskiptum sínum við viðskiptavini og aðra aðila í tengslum við störf sín fyrir hönd bankans. Með reglunum er stefnt að því að trúnaður sé virtur, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja að viðskiptamenn fái faglega þjónustu og fái skýrar og áreiðanlegar upplýsingar.
- 4.3. Kvika leggur metnað í að skapa öllum jöfn tækifæri innan bankans og tryggja að fólk geti notið hæfileika sinna óháð öðrum þáttum en hæfni, svo sem kyni eða kynþætti.
- 4.4. Kvika leggur áherslu á að ráða inn fólk með ólíkan bakgrunn sem skilar sér í nýjum lausnum og leiðum að settu marki.
- 4.5. Kynbundin mismunun mun ekki verða liðin, í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna Kviku að útrýma slíkri mismunun komi hún í ljós.
- 4.6. Jafnréttisáætlun er sett fram til þriggja ára í senn með það að markmiði að stuðla að aukinni kynjasambættingu í allri starfsemi bankans. Í jafnréttisáætlun eru sett fram markmið og aðgerðaráætlun tengd ráðningum og tilfærslum í starfi, skipan í ábyrgðarstöður og nefndir, launajafnrétti, starfsþjálfun og endurmenntun, sambættingu fjölskyldu- og einkalífs og kynbundnu áreiti og einelti.

#### **5. Samfélagsleg verkefni**

##### **5.1. Unicef**

- 5.1.1. Kvika er aðalsamstarfsaðili Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi (UNICEF á Íslandi) á sviði bankaþjónustu, auk þess að vera sérstakur velunnari heimsforeldra. Frá árinu 2011 hefur Kvika tryggt UNICEF lægsta mögulega bankakostnað, auk þess sem Kvika styrkir ýmis verkefni UNICEF á Íslandi með beinum fjárlögum.
- 5.1.2. UNICEF er leiðandi í hjálparstarfsemi fyrir börn í heiminum, berst fyrir réttindum allra barna og sinnir bæði langtímauppbyggingu og neyðaraðstoð. Samtökin gegna auk þess vaxandi hlutverki til eflingar velferðar barna á Íslandi.


##### **5.2. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum**


- 5.2.1. Kvika hefur undirritað styrktarsamning við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem felur í sér árlegan styrk til stofnunarinnar til ársins 2018. Styrkurinn nemur einni milljón króna á ári og hefur samstarfið staðið frá árinu 2013.
- 5.2.2. Styrkjunum verður varið til daglegrar starfsemi vegna undirbúnings Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, sem mun starfa undir merkjum Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Starfsemi þessa alþjóðlega þekkingarseturs er ætlað að heiðra störf Vigdísar í þágu tungumála og halda áfram því brautryðjendastarfi sem hún hefur unnið á alþjóðavettvangi sem fyrsti og eini velgjörðarsendiherra tungumála í heiminum hjá UNESCO.

##### **5.3. Stjarnan – Meistaraflokkur kvenna**


**5.3.1.** Kvika hefur stutt við meistaraflokk kvenna í knattspyrnu hjá Stjórnunni frá árinu 2013. Styrktarsamningurinn var endurnýjaður árið 2016, með undirritun þriggja ára styrktarsamnings og er Kvika nú einn af aðalstyrktaraðilum meistaraflokks kvenna hjá Stjórnunni.

Samþykkt af stjórn Kviku banka hf. 15. janúar 2018.

  
Þorsteinn Pálsson

  
Inga Björg Hjaltadóttir

  
Guðmundur Þórðarson

  
Kristín Guðmundsdóttir

  
Hrönn Sveinsdóttir